

Samtengd ferðatilhögun (STF)

Allir seljendur sem hafa milligöngu um STF og taka við greiðslum frá ferðamönnum eru leyfis- og tryggingarskyldir.

Seljandi sem hefur milligöngu um STF og tekur við greiðslum fyrir alla þjónustupættina

- er tryggingarskyldur fyrir allri greiðslunni hafi hann ekki greitt þjónustuveitendum þeirra hluta
- er aðeins tryggingarskyldur fyrir sinni þjónustu hafi hann greitt öðrum þjónustuveitendum þeirra hluta
- tryggingin nær aðeins yfir greiðslur sem milligönguseljandinn er með hjá sér komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar hans

Seljandi sem hefur milligöngu um STF og tekur einungis við greiðslum fyrir sína eigin þjónustu er aðeins tryggingarskyldur fyrir sinni þjónustu.

Um leið og seljandi, sem hefur milligöngu um STF, hefur greitt öðrum þjónustuveitendum þeirra hluta þá hefur ógjaldfærni hans ekki áhrif á þjónustu annarra.

Tryggingin nær þá einungis til endurgreiðslu þess sem seljandinn sem hefur milligöngu um STF hefur mótttekið vegna eigin þjónustu.

Hver og einn þjónustuveitandi ber ábyrgð á réttri framkvæmd sinnar þjónustu.

DÆMI

Ferðamaður kaupir flug báðar leiðir til útlanda á vefsvæði flugfélags. Með staðfestingu flugmiðanna kemur boð um að bóka hótél í gegnum tengil á hótélbókunarsíðu.

Ferðamaðurinn bókar hótélherbergi á síðunni innan 24 klst.

Á meðan ferðamaðurinn er í ferðinni fer flugfélagið í greiðsluþrot og flugið heim fellur niður.

Hér er um tryggingarskylda samtengda ferðatilhögun að ræða og því fellur heimflutningurinn undir tryggingarverndina sem flugfélaginu ber skylda til að hafa.

Þegar ferðamaðurinn fær tengil fyrir hótelpöntunina ber að upplýsa hann á skýran og áberandi hátt um að flugið og hótelið sé ekki pakki og að flugfélagið muni ekki hafa afskipti af því ef einhver vandkvæði verða í sambandi við hótelið.

DÆMI

Ferðamaður kaupir hótulgistingu, í framhaldi hefur hótelið milligöngu um kaup á aðgangi að golfvelli sem leiðir til að um samtengda ferðatilhögun er að ræða.

Hvað gerist ef hótelið, sem hefur tekið við greiðslunni fyrir hótelið og golfið, verður gjaldþrota?

Ferðamaðurinn á rétt á endurgreiðslu vegna gistingarinnar og golfsins ef hótelið hefur ekki greitt kostnaðinn við golfið til golfklúbbsins.

Hafi hótelið greitt golfklúbbum áður en það varð gjaldþrota á ferðamaðurinn á einungis rétt á endurgreiðslu vegna gistingarinnar.

Ferðamaðurinn getur nýtt sér aðgengið að golfvellingum.

DÆMI

Ferðamaður kaupir hótलगistingu, í framhaldi hefur hótelið milligöngu um kaup á aðgangi að golfvelli sem leiðir til að um samtengda ferðatilhögun er að ræða.

Ef hótelið hefur tekið við greiðslum fyrir golfið, hvað gerist þá ef golfklúbburinn verður gjaldþrota?

Hafi hótelið greitt golfklúbbnum áður en golfklúbburinn varð gjaldþrota á ferðamaðurinn ekki rétt á endurgreiðslu frá hótelinu eða kröfu í tryggingu þess. Ferðamaðurinn á almennan kröfurétt í protabú golfklúbbsins.

Engin tryggingarskylda er hjá þjónustuveitanda sem ekki hefur milligöngu um samtengda ferðatilhögun.

Tryggingarskylda nær aðeins yfir þær greiðslur sem greiddar eru til hótelsins.

DÆMI

Ferðamaður kaupir hótulgistingu, í framhaldi hefur hótelið milligöngu um kaup á aðgangi að golfvelli sem leiðir til að um samtengda ferðatilhögun er að ræða.

Hvað gerist við gjaldprot hótelsins ef hótulgistingin er greidd beint til hótelsins og golfið er greitt beint til golfklúbbsins?

Tryggingarskyldan nær aðeins til greiðslna sem greiddar eru til hótelsins. Tryggingarskyldan nær því aðeins til endurgreiðslu fyrir hótulgistinguna en ekki til golfsins þar sem gjaldprot hótelsins hefur ekki áhrif á þá þjónustu.